

Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 8. mars 2024
Málsnúmer: DSS202402-0058/0.09

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum varðandi aldursmörk, mál 301.

Umsögn dómstólasýslunnar snýr aðeins að ákvæðum í II. kafla frumvarpsins um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 50/2016, IX. kafla frumvarpsins um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 og X. kafla um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að felld verði brott skilyrði 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 50/2016 um að þann einn megi skipa dómara við Hæstarétt sem náð hefur 35 ára aldri og skilyrði sama efnis í 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna að því er varðar skipun dómara í Landsrétt.

Dómstólasýslan leggst gegn þessum tillögum og telur að umrædd ákvæði eigi að standa áfram óbreytt. Mikilvægt er að hafa í huga að skipan dómara er ótímabundin og að dómurum verður samkvæmt 61. gr. stjórnarskrár ekki vikið úr embætti nema með dómi. Skilyrði um lágmarksaldur endurspeglar áherslu á að þau sem skipuð verði í embætti á æðra dómstigi hafi öðlast yfirgripsmikla reynslu og færni til starfans, án þess að tilgreint sé með nákvæmum hætti hver færnin og reynslan eigi að vera. Þessar áherslur koma fram í þeim kröfum sem lagðar eru til grundvallar við val á dómurum á æðra dómstigi.


Í IX. kafla frumvarpsins er lagt til að lögum nr. 91/1991 verði breytt á þann veg að lágmarksaldur meðdómsmanna verði lækkaður úr 25 árum í 18, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, lágmarksaldur matsmanna verði lækkaður úr 20 árum í 18 ár, sbr. 3. mgr. 61. gr. laganna og að lágmarksaldur stefnuvotta verði lækkaður úr 25 árum í 18.

Dómstólasýslan gerir helst athugasemdir við lökkun lágmarksaldurs meðdómsmanna úr 25 árum í 18. Meðdómsmenn taka sæti í dómi og þurfa sem slíkir að hafa aflað sér nægilegrar sérfræðipækkingar og reynslu til starfans. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að tilgreina í sjálfu lagaákvæðinu hver sú þekking og reynsla skuli vera en útilokað má telja að henni hafi verið náð við 18 ára aldur. Hvað lágmarksaldur matsmanna varðar má telja að 20 ára

lágmarksaldur sé eðlileg krafa. Ekki eru gerðar athugasemdir við lækkun lágmarksaldurs stefnuvotta.

Í X. kafla frumvarpsins er svo lagt til að aldurslágmark túlka í 6. mgr. 12. gr. og aldurslágmark matsmanna í 3. mgr. 128. gr. laga nr. 88/2008 verði lækkað úr 20 árum í 18 ár. Dómstólasýslan telur að þær lágmarkskröfur sem gerðar eru í gildandi lögum séu eðlilegar út frá áður röktum sjónarmiðum um lágmarks reynslu og færni.

Virðingarfyllst,



Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri